

Minnisblað dómnefndarfólks á lokahátíðum Stóru upplestrarkeppninnar

— lesist áður en mætt er á hátíðina.

Mikilvægt er að allir dómnefndarmenn kynni sér minnisblað þetta og fyrirkomulag loka-hátíðarinnar fyrirfram og séu mættir á hátíðarstað **eigi síðar en hálf tíma** áður en hátíðin hefst. Formaður dómnefndar fer þá yfir helstu atriði sem huga þarf að við dómnefndarstörfina.

Verkefni dómnefndar er ekki að vega og meta hvern og einn lesara heldur einungis að velja þrjá bestu upplestrarana á hverjum stað. Til þess að það gangi hratt og örugglega þarf að beita bæði úrvali og útilokun.

Keppendur á lokahátíðum eru yfirleitt afbragðslesarar og því getur verið snúið að gera upp á milli þeirra. **Í verðlaunasæti ættu að raðast þeir lesarar sem best koma eigin skilningi á textanum til skila með skýrum framburði og vönduðum og tilgerðarlausum lestri. Gefið sérstakan gaum að þeim lesurum sem fá áheyrendur til þess að sitja agndofa undir lestrinum.**

Með því að gefa gaum að eftirfarandi hnökrum geta dómáráðar fækkað þeim lesurum sem velja þarf á milli:

- **Of hraður lestur.** Yfirleitt er of mikill hraði ástæða þess lesari hefur ekki tóm til að fanga athygli áheyrenda og gefa textanum merkingu.
- **Eintóna lestur.** Lesari sem les með, reglubundnum áherslum án tillits til merkingar, einhæfri hrynjandi og sama tónfalli kemur yfirleitt ekki til greina í verðlaunasæti jafnvel þótt lesturinn sé skýr.
- **Ítrekaðir framburðargallar í lestri,** t.d. þegar öngljóð (einkum ‘ð’ og ‘v’) falla niður eða sérhljóð eru óskýr. Einkum þarf að gæta að stuttu tvíhljóðunum, t.d. í ‘hækka’ og ‘austur’. Athugið þó að nemendur með teina í tönnum eiga ekki að gjalda þess, og sérstök framburðareinkenni eins og gormæli þurfa ekki að útiloka keppanda frá verðlaunasæti.
- **Yfirdrifinn lestur.** Sumir lesa með miklum tilþrifum. Slík frammistaða getur dregið athygli áheyrenda frá göllum í lestrinum. Dómnefnd þarf að varast það og gæta þess að lesarar sem breiða úr sér skyggi ekki á látlausari en vandaðri lestri annarra keppanda.

Gera verður þá kröfu að verðlaunahafar hafi staðið sig vel í öllum umferðum. Komið getur til greina að veita keppanda sem skarar fram úr í einni umferð sérstök aukaverðlaun en hann ætti ekki að ryðja lesurum sem standa sig vel í öllum umferðum úr verðlaunasæti.

Tíminn sem dómnefndir hafa til að ráða ráðum sínum er naumur. Þess vegna er mikilvægt að hver dómnefndarmaður stefni að því að í lok síðustu umferðar hafi hann þegar gert sér skýra hugmynd um mögulega verðlaunahafa. Dragið ekki fram í síðustu umferð að mynda ykkur skoðun á því hvaða lesarar ættu verðlaun skilið og verið órög við að útiloka keppendur sem misstíga sig í 1. eða 2. umferð. Hver dómnefndarmaður ætti ekki að halda fram fleirum en fjórum mögulegum nöfnum þegar kemur að því að ræða um verðlaunahafa.

Kyn keppenda eða skóli á ekki að ráða við val á verðlaunahöfum nema keppendur séu hnífjafnir að öðru leyti. Raði t.a.m. nemendur úr sama skóla sér í 1. og 2. sæti en tveir berjist um 3. sæti, þar af annar úr öðrum skóla, kann að vera heppilegt að velja þann síðarnefnda. Sama gildir um dreifingu stúlkna og drengja í verðlaunasæti.